

Greiðslumiðlunin Hringur ehf.

Ársreikningur 31. desember 2024

Greiðslumiðlunin Hringur ehf.

Kennitala 470110-0740

Austurbakka 2, 101 Reykjavík

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 6
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit um breytingar á eigin fé	9
Yfirlit um sjóðstreymi	10
Skýringar	11 - 17

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi og tilgangur félagsins

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. (Harpa) og hefur þann tilgang að gefa út skuldabréfaflokk vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast mánaðarlegar afborganir af útgefnum skuldabréfum í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu. Framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna byggingar og fjármögnunar Hörpu gengur til greiðslu á lántöku og er veðsett á móti skuldum félagsins. Framlagið byggir á samningi um rekstur og starfsemi Hörpu þar sem íslenska ríkið og Reykjavíkurborg skuldbinda sig til að greiða mánaðarlega framlag í 35 ár til Hörpu. Upphafsgreiðsla var í mars 2011 og greiðslu lýkur árið 2046.

Starfsemin á árinu

Félagið greiddi 708,5 milljónir króna í afborganir af skuldabréfaflokknum HARP 46 0217 og 820,6 milljónir króna í vexti á árinu 2024. Félagið fékk samsvarandi innborganir af kröfu sinni á móðurfélagið, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. Eigið fé í árslok nam 2,9 milljónum króna.

Engir starfsmenn voru á launaskrá félagsins á árinu og hvorki voru inntar af hendi greiðslur fyrir stjórnarsetu né framkvæmdastjórn á árinu. Rekstur og fjármáaleg umsýsla félagsins er í höndum móðurfélagsins Hörpu samkvæmt þjónustusamningi.

Vísað er til skýringa nr. 6, 7 og 8 í ársreikningnum um stöðu langtímakröfu á tengda aðila í árslok, stöðu og tryggingar skuldabréfaflokksins í árslok og viðskipti við tengda aðila á árinu 2024.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar ársins. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa.

Eignaraðild

Engar breytingar urðu á eignarhaldi félagsins á árinu og er Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigandi alls hlutfjár að fjárhæð kr. 500.000, í upphafi og lok ársins.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Félagið hefur sett sér markmið og stefnu gagnvart áhættustýringu. Nánar er vísað til skýringar nr. 3.

Stjórnarhættir og aðrar upplýsingar

Stjórn Hringa ehf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja uppfærðum „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 2021. Félagið fylgir starfsreglum stjórnar móðurfélagsins Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Starfsreglur stjórnar móðurfélagsins gilda um öll dótturfélög í samstæðunni og fjalla m.a. um fundarsköp, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Hörpu ásamt siðareglum stjórnar og starfsmanna. Innri stefnumótun gildir um öll félög samstæðunnar eftir því sem við á miðað við eðli starfseminnar. Stjórn félagsins hefur jafnframt skipað endurskoðunarnefnd. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og hittir endurskoðendur reglulega. Framkvæmdastjóri Greiðslumiðlunarinnar Hringa ber ábyrgð á og sinnir eftirliti með gerð reikningsskila félagsins.

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. hefur þann eina tilgang að gefa út skuldabréfaflokk vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast mánaðarlegar afborganir af útgefnum skuldabréfum í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu. Félagið er ekki með aðra starfsemi eða með starfsmenn og hefur því ekki sett sér sérstaka stefnu er varðar umhverfi, félagslega þætti eða stjórnarhætti umfram stefnumörkun móðurfélagsins í þessum efnun. Stjórn félagsins sinnir eftirliti með spillingar- og mútumálum líkt og öðru í starfsemi félagsins.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn

Í stjórn Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. situr einn stjórnarmaður sem kjörinn er árlega á aðalfundi félagsins til eins árs.

Stjórn félagsins árið 2024 var skipuð Svanhildi Konráðsdóttur, sem hefur setið í stjórn félagsins frá mars 2017.

Svanhildur Konráðsdóttir er fædd árið 1965 og hefur verið forstjóri móðurfélags Hrings ehf. Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ehf. frá árinu 2017. Hún sat í stjórn Portusar ehf. sem síðar varð Harpa ehf. árin 2009–2017. Hún starfaði sem sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkur árin 2005 – 2017. Svanhildur er með BA gráðu í samskipta- og ímyndarfræðum frá háskólanum í Canterbury í Bretlandi og hefur lagt stund á nám í stjórnun, samningatækni og stefnumótun við Háskóla Íslands og Harvard Law School og sjálfbærni og leiðtogahæfni hjá University of Cambridge Institute for Sustainability Leadership. Hún er jafnframt viðurkenndur stjórnarmaður frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga og gefa þeir að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins vegna ársins 2024.

Samkvæmt mati stjórnar felst í ársreikningi og skýrslu stjórnar glögggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess á árinu 2024 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með áritun sinni.

Reykjavík 10. mars 2025

Svanhildur Konráðsdóttir
stjórnarmaður

Berglind Ólafsdóttir
framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar félagsins.

Ársreikningurinn innifelur:

- Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
 - Rekstrarreikning og yfirlit yfir um heildarafkomu fyrir árið 2024.
 - Efnahagsreikning þann 31. desember 2024.
 - Yfirlit um breytingar á eigin fé fyrir árið 2024.
 - Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2024.
 - Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óháði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt félaginu er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2024. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í heild.

Lykilatriði endurskoðunar:

Við höfum ekki skilgreint nein lykilatriði endurskoðunar sem upplýsa þarf um í áritun okkar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu stjórnar og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgð fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgð fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Áritun óháðs endurskoðanda

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda

Við vorum fyrst tilnefnd sem endurskoðendur félagsins af ríkisendurskoðun sbr. 7. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Við höfum annast endurskoðun ársreikninga félagsins, í umboði ríkisendurskoðanda, samfellt frá stofnun þess á árinu 2010.

Reykjavík, 10. mars 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Valgerður Kristjánsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir árið 2024

	Skýringar	2024	2023
Rekstrartekjur			
Rekstrarframlag frá móðurfélagi		7.300.000	7.200.000
Rekstrargjöld			
Aðkeypt þjónusta		7.467.238	7.257.083
Annar rekstrarkostnaður		24.024	23.962
		<u>7.491.262</u>	<u>7.281.045</u>
Rekstrartap		(191.262)	(81.045)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxta- og verðbótatekjur	5	1.896.052.144	2.513.825.352
Vaxtagjöld og verðbætur	5	(1.895.456.974)	(2.513.399.033)
Gengismunur	5	(2.220)	(8.995)
		<u>592.950</u>	<u>417.324</u>
Hagnaður fyrir skatta		401.688	336.279
Reiknaður tekjuskattur	9	0	0
Hagnaður ársins		<u>401.688</u>	<u>336.279</u>
Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt:			
Eigendur félagsins		401.688	336.279

Skýringar á blaðsíðum 11 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur þann 31. desember 2024

Eignir	Skýringar	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Fjáreignir:			
Langtímakrafa á tengda aðila	6	<u>22.425.033.145</u>	<u>22.118.163.135</u>
Veltufjármunir			
Næsta árs afborganir langtímakröfu á tengda aðila	6	748.228.919	689.303.019
Kröfur á tengda aðila	8	32.238.257	31.485.081
Aðrar skammtímakröfur		160.263	93.790
Handbært fé		<u>3.035.365</u>	<u>3.194.902</u>
		783.662.804	724.076.792
Eignir samtals		<u>23.208.695.949</u>	<u>22.842.239.927</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé		500.000	500.000
Lögbundinn varasjóður		125.000	125.000
Óráðstafað eigið fé		<u>2.298.757</u>	<u>1.897.069</u>
		2.923.757	2.522.069
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum	7	<u>22.425.033.144</u>	<u>22.118.163.134</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		519.872	564.114
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	7	748.228.919	689.303.019
Áfallnir ógreiddir vextir		31.990.257	31.485.081
Aðrar skammtímaskuldir		<u>0</u>	<u>202.510</u>
		780.739.048	721.554.724
Skuldir samtals		23.205.772.192	22.839.717.858
Eigið fé og skuldir samtals		<u>23.208.695.949</u>	<u>22.842.239.927</u>
 Reikningsskilaaðferðir			
	2		
Fjárhagsleg áhættustjórnun			
	3		
Mikilvægt reikningshaldslegt mat			
	4		
Aðrar upplýsingar			
	8,9		

Skýringar á blaðsíðum 11 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Yfirlit um breytingar á eigin fé frá 1. janúar til 31. desember 2024

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samts
Hreyfingar 2023:				
Staða í upphafi árs	500.000	125.000	1.560.790	2.185.790
Heildarafkoma ársins, hagnaður	0	0	336.279	336.279
Staða í lok árs	<u>500.000</u>	<u>125.000</u>	<u>1.897.069</u>	<u>2.522.069</u>
Hreyfingar 2024:				
Staða í upphafi árs	500.000	125.000	1.897.069	2.522.069
Heildarafkoma ársins, hagnaður	0	0	401.688	401.688
Staða í lok árs	<u>500.000</u>	<u>125.000</u>	<u>2.298.757</u>	<u>2.923.757</u>

Hlutfé félagsins eru 500 þúsund hlutir, hver að virði 1 kr.

Skýringar á blaðsíðum 11 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		401.688	336.279
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(592.950)	(417.324)
Veltufé til rekstrar án vaxta:		<u>(191.262)</u>	<u>(81.045)</u>
Hækkun rekstartengdra eigna:			
Kröfur á tengda aðila		(753.176)	(753.376)
Aðrar skammtímakröfur		(66.473)	(68.079)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Áfallnir ógreiddir vextir		505.176	1.483.327
Viðskipta- og aðrar skammtímaskuldir		<u>(246.752)</u>	<u>124.887</u>
		(561.225)	786.759
Mótteknir vextir		821.163.508	795.012.253
Greiddir vextir		(820.570.558)	(794.594.929)
Handbært fé (til rekstrar) / frá rekstri		<u>(159.537)</u>	<u>1.123.038</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborganir frá móðurfélagi	8	708.462.651	642.890.802
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(708.462.651)	(642.890.802)
(Lækkun) / hækkun á handbæru fé		(159.537)	1.123.038
Handbært fé í byrjun árs		3.194.902	2.071.864
Handbært fé í árslok		<u>3.035.365</u>	<u>3.194.902</u>

Skýringar á blaðsíðum 11 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu en móðurfélag þess er Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf., Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi.

Endanlegir eigendur Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. eru íslenska ríkið, 54%, og Reykjavíkurborg, 46%, í gegnum Hörpu. Upplýsingar um viðskipti við tengda aðila er að finna í skýringu nr. 8.

Tilgangur félagsins er að gefa út skuldabréfaflokk vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast mánaðarlegar afborganir af útgefnum skuldabréfum í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss.

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Þessi ársreikningur var staðfestur af stjórn Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. þann 10. mars 2025.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB) auk viðeigandi krafna sem fram koma í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Mat og forsendur eru í stöðugri þróun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Sérstaklega er greint frá mikilvægum matsaðferðum í skýringu nr. 4.

2.2 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á stöðlum

Samstæðan hefur beitt eftirfarandi stöðlum og breytingum í fyrsta skipti fyrir reikningsárið sem hófst 1. janúar 2024:

- o IAS 1 - Flokkun skulda sem skammtímaskuldir eða langtímaskuldir og langtímaskuldir með lánaskilmálum.

Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem ekki hafa tekið gildi

Nokkrar breytingar á reikningsskilastöðlum hafa verið gerðar sem ekki hafa tekið gildi fyrir reikningsskil 31. desember 2024 og hafa ekki verið innleiddar fyrir gildistíma við gerð þessara reikningsskila. Mat félagsins á áhrifum þessara nýju staðla og/eða breytinga á þeim er sett fram hér að neðan.

- o Nýr staðall IFRS 18 - Framsetning og upplýsingagjöf í reikningsskilum (gildir fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2027 eða síðar).

o IFRS 18 mun koma í stað núverandi staðals, IAS 1 Framsetning reikningsskila, þar sem nýjar kröfur eru kynntar en markmiðið með staðlinum er að ná frekari samanburðarhæfni á fjárhagslegri frammistöðu sambærilegra aðila og veita meira viðeigandi upplýsingar og gagnsæi fyrir notendur. Jafnvel þó að IFRS 18 hafi ekki áhrif á færslu eða mat á liðum í reikningsskilum, er búist við að áhrif hans á framsetningu og upplýsingagjöf verði víðtæk.

- o Stjórnendur eru að leggja mat á hugsanleg áhrif innleiðingar á IFRS 18.

o Félagið mun beita nýja staðlinum frá gildistökudegi hans, 1. janúar 2027. Krafa er um að beita staðlinum afturvirkir og því verða samanburðarupplýsingar fyrir reikningsárið sem lýkur 31. desember 2026 endurbirtar í samræmi við IFRS 18.

Skýringar

2.3 Starfsþættir

Starfsþáttur er skilgreindur sem aðgreinanlegur hluti í rekstri fyrirtækis sem aflar tekna og leggur út gjöld, og sem reiknuð er út rekstrarniðurstaða fyrir, sem stjórnendur félagsins yfirfara reglulega og nota til að taka ákvarðanir um það hvaða fjármuni á að leggja til starfsþáttarins, og meta í framhaldi af því fjárhagslegan árangur hans.

Félag sem er með verðbréf á opinberum hlutabréfamarkaði eða ætlar gefa út verðbréf sem verða þar í viðskiptum þurfa að aðgreina sína starfsþætti og birta starfsþáttayfirlit í ársreikningi sínum. Greiðslumiðlunin Hringur ehf. hefur aðeins einn starfsþátt sem hægt er að aðgreina sérstaklega miðað við ofangreinda skilgreiningu, sem er að taka lán til byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins í samræmi við samninga. Því birtir félagið ekki sérstakt starfsþáttayfirlit þar sem stjórnendur félagsins skoða eingöngu niðurstöðu fyrir félagið í heild við ákvarðanir sínar.

2.4 Starfrækslugjaldmiðill og umreikningur

Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Liðir í ársreikningnum eru metnir í gjaldmiðlum þess efnahagsumhverfis þar sem félagið starfar ("starfrækslugjaldmiðillinn"), sem er Ísland. Reikningsskilin eru því í íslenskum krónum sem er starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill félagsins.

Umreikningur miðað við vísitölur

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2025. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru þýdd yfir í starfrækslugjaldmiðilinn á því gengi sem var á viðskiptadegi. Gengismunur sem verður til við að gera upp slík viðskipti og vegna þýðingar á peningalegum eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum yfir á gengi í árslok er færður í rekstrarreikning, á gengismun meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

2.5 Fjáreignir

Flokkun

Félagið flokkar fjárfestingar sínar í fjáreignum sem lán og viðskiptakröfur. Flokkunin fer eftir því í hvaða tilgangi fjárfestinganna var aflað og eftir samningsskilmálum fjárfestingarinnar er varðar sjóðstreymi hennar. Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi.

Mat

Lán og viðskiptakröfur eru fjáreignir, sem ekki eru afleiður, með föstum greiðslum eða greiðslum sem unnt er að ákvarða og sem eru ekki skráðar á virkum markaði. Lán og viðskiptakröfur félagsins eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta þar sem það er ætlun félagsins að innheimta afborganir og vexti til lokagjalds. Þær eru innifaldar í veltufjármunum, að undanskildum þeim sem eru með lengri binditíma en 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings. Slíkar fjáreignir eru flokkaðar sem fastafjármunir. Lán og viðskiptakröfur eru langtímakröfur, viðskiptakröfur og aðrar kröfur í efnahagsreikningi.

Kaup og sala fjárfestinga er færð á þeim viðskiptadegi sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði en þó ekki þær fjáreignir sem eru bókfærðar á gangvirði í rekstrarreikningi. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna þeirra eru ekki lengur í gildi eða hafa verið yfirfærð eða félagið hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds.

Virðisrýrnun lána og krafna

Útreikningur á virðisrýrnun byggist á áætluðu tapi sem tekur tillit til framtíðaratburða. Þetta krefst verulegs mats á því hvernig mögulegir framtíðaratburðir muni hafa áhrif á áætlað tap af fjáreignum. Áætluð virðisrýrnun mun byggjast á öllum mögulegum tapsatburðum sem geta orðið á líftíma fjáreignarinnar og hvort það verði veruleg aukning í tapsáhættu. Virðisrýrnun er reiknuð út frá þremur þáttum; mati á líkum á vanefndum (e. PD), líkum á tapi að gefnum vanefndum (e. LGD) og svo upphæð áhættuskuldbindingar við vanefnd (e. EAD). Virðisrýrnun vegna vænts útlánataps (e. ECL) getur miðast annaðhvort við 12 mánaða vænt útlánatap eða vænt útlánatap yfir líftíma fjármálagernings en það ræðst af aukinni útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu.

Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldbindingum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnahagsreikning þegar, og aðeins þegar, til staðar er lagalegur réttur til jöfnunar og ætlunin er að gera upp á nettógrunni, eða innleysa eignina og gera skuldbindinguna upp samtímis.

Skýringar

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

2.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru upphaflega færðar á gangvirði og síðan metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta, að fráðregnum niðurfærslum vegna virðisrýrnunar, ef við á.

2.7 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af bankainnstæðum.

2.8 Eigið fé - hlutafé

Almennt hlutafé er flokkað sem eigið fé. Hlutafé er fært á nafnverði og yfirverð, ef slíkt er, á aðra varasjóði. Hlutafé í efnahagsreikningi samsvarar heildarhlutafé.

2.9 Lántaka

Lántaka er í upphafi færð á gangvirði. Vextir og verðbætur færast í rekstarreikning með aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður er eignfærður við lántöku og gjaldfærður eftir lánstíma.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu reikningsskila.

2.10 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru í upphafi færðar á gangvirði, og síðar á afskrifuðu kostnaðarvirði með aðferð virkra vaxta. Viðskiptaskuldir eru skuldbindingar til að greiða vörur eða þjónustu sem hafa verið keyptar til nota í hefðbundnum rekstri félagsins. Viðskiptaskuldir eru flokkaðar sem skammtímaskuldir ef ætlað er að þær verði greiddar innan árs.

2.11 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Stjórn félagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu þess. Stjórnin hefur falið framkvæmdastjóra umsjón með daglegri áhættustýringu félagsins.

3.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Útlánaáhætta félagsins er einkum vegna langtímakröfu á tengt félag, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. Greiðsla þeirrar kröfu tengist að öllu leyti innlausn framlags frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg vegna Hörpu á grundvelli samnings til 35 ára og er mótaðilaáhætta því í raun tengd íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg.

Félagið metur tapsáhættu langtímakröfu og annarra krafna og færir niðurfærslu á móti mögulegu tapi slíkra krafna ef slíkt á við. Félagið metur tapsáhættu langtímakröfu á Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg óverulega.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða er bókfært verð allra fjáreigna félagsins, sem eru eftirfarandi:

	31.12.2024	31.12.2023
Langtímakrafa á tengda aðila	23.173.262.064	22.807.466.154
Skammtímakröfur á tengda aðila	32.238.257	31.485.081
Aðrar skammtímakröfur	160.263	93.790
Handbært fé	3.035.365	3.194.902
	<u>23.208.695.949</u>	<u>22.842.239.927</u>

Skýringar

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun, framhald

3.2 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að fyrirtækið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Fjárhagsskuldbindingar félagsins felast fyrst og fremst í langtímaláni þess, en samningar fyrirtækisins um langtímakröfuna ganga út frá að alltaf sé til laust fé til greiðslu skuldarinnar. Fyrir liggur samningur til 35 ára við íslenska ríkið og Reykjavíkurborg um framlög sem ganga til greiðslu langtímalánsins.

Taflan hér að neðan greinir skuldir félagsins í flokka eftir gjalddögum þeirra. Fjárhæðir í töflunni vegna greiðslustreymis eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg.

	Bókfært verð	Greitt innan 12 mánaða	Greitt seinna en eftir 12 mánuði	Samtals
Staða 31. desember 2024				
Langtímaskuldir	23.173.262.063	1.558.620.542	31.432.180.935	32.990.801.477
Skammtímaskuldir	32.510.129	32.510.129	0	32.510.129
	<u>23.205.772.192</u>	<u>1.591.130.671</u>	<u>31.432.180.935</u>	<u>33.023.311.606</u>
Staða 31. desember 2023				
Langtímaskuldir	22.807.466.153	1.487.651.370	31.488.620.663	32.976.272.032
Skammtímaskuldir	32.251.705	32.251.705	0	32.251.705
	<u>22.839.717.858</u>	<u>1.519.903.075</u>	<u>31.488.620.663</u>	<u>33.008.523.737</u>

Langtímakrafa í efnahagsreikningi mun innleysast með sama hætti.

Taflan hér að neðan greinir framlag til fjármögnunar Hörpu frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg. Framtíðargreiðslur eru ónúvirtar m.v. verðlag í lok árs 2024.

	Framlag ársins	Innborgað innan 12 mánaða	Innborgað seinna en eftir 12 mánuði	Samtals
Staða 31. desember 2024				
Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg	1.560.559.172	1.590.760.309	32.080.332.903	33.671.093.213
Staða 31. desember 2023				
Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg	1.467.115.267	1.518.327.707	32.137.936.455	33.656.264.162

3.3 Vaxtaáhætta

Félagið býr ekki við vaxtaáhættu af lántökum þar sem langtímalán eru á föstum vöxtum. Félagið býr hins vegar við verðtryggingaráhættu af lántökum vegna vísitölutengingar, en að teknu tilliti til að framlag frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg er einnig vísitölutryggt er nettó áhætta af verðtryggingu engin.

3.4 Gjaldmiðlaáhætta

Félagið býr ekki við gjaldmiðlaáhættu af lántökum þar sem öll núverandi lán félagsins eru í íslenskum krónum. Það sama gildir um langtímakröfu á íslenska ríkið og Reykjavíkurborg vegna framlags.

3.5 Áhættustjórnun fjármögnunar

Markmið félagsins við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlög íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar standi undir afborgunum og vöxtum af lántökum. Ekki er ætlast til að félagið skili arðsemi til hluthafa.

Fjármögnun félagsins sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	2024	2023
Lántökur	23.173.262.063	22.807.466.153
Fráðregið: handbært fé	(3.035.365)	(3.194.902)
Lántökur nettó	<u>23.170.226.698</u>	<u>22.804.271.251</u>
Eigið fé	2.923.757	2.522.069
Fjármögnun samtals	<u>23.173.150.455</u>	<u>22.806.793.320</u>

Skýringar

4. Mikilvægt reikningshaldslegt mat

Félagið leggur mat á þætti er varða reikningsskilin og gefur sér forsendur varðandi framtíðina. Eðli máls samkvæmt getur raunveruleg niðurstaða orðið önnur en gefnar forsendur.

Byggt á mati á mótaðilaáhættu á íslenska ríkið og Reykjavíkurborg eru við núverandi aðstæður engir matskenndir liðir í reikningsskilum félagsins sem geta falið áhættu á verulegri skekkju í mati á eignum og skuldum.

5. Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2024	2023
Vaxta- og verðbótatekjur af greiðslumiðlun innan samstæðu	1.895.456.974	2.513.399.033
Vaxtatekjur af bankareikningi og aðrar vaxtatekjur	595.170	426.319
Vaxtagjöld og verðbætur af skuldabréfaútgáfu	(1.895.456.974)	(2.513.399.033)
Gengismunur	(2.220)	(8.995)
	<u>592.950</u>	<u>417.324</u>

6. Langtímakröfur á tengd félög

Langtímakrafa á tengd félög er krafa á móðurfélagið Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. Krafan endurspeglar langtímaskuld félagsins, en félagið hefur selt skuldabréf í skuldabréfafloknum HARP 46 0217 á markaði til fjármögnunar á tónlistar- og ráðstefnuhúsi við Austurhöfn í Reykjavík. Lánið er endurlánað til Hörpu og eru kjör á milli félaga þau sömu og á skuldabréfafloknum.

Langtímakrafa kemur þannig fram í efnahagsreikningi:

	31.12.2024	31.12.2023
Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal veltufjármuna	748.228.919	689.303.019
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	22.425.033.145	22.118.163.135
Langtímakrafa samtals	<u>23.173.262.064</u>	<u>22.807.466.154</u>

Skýringar

7. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir HARP 46 0217, vextir 3,55%	23.269.268.260	22.910.207.265
Lántökukostnaður færður til gjalda á líftíma láns	(96.006.197)	(102.741.112)
Langtímaskuldir samtals	<u>23.173.262.063</u>	<u>22.807.466.153</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2024	0	689.303.019
Afborganir árið 2025	748.228.919	714.165.058
Afborganir árið 2026	775.217.268	739.924.269
Afborganir árið 2027	803.179.531	766.613.043
Afborganir árið 2028	832.150.868	794.264.938
Afborganir árið 2029	862.167.709	822.818.537
Afborganir árið 2030 og síðar	19.152.317.768	18.280.377.288
	<u>23.173.262.063</u>	<u>22.807.466.153</u>

Langtímaskuldir samtals að fjárhæð 23.173,3 milljónir króna, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda	748.228.919	689.303.019
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	22.425.033.144	22.118.163.134
	<u>23.173.262.063</u>	<u>22.807.466.153</u>

Hreyfingar langtímaskulda greinast þannig:	2024	2023
Vaxtaberandi skuldir 1. janúar	22.807.466.153	21.733.155.987
Afborganir langtímaskulda	(708.462.651)	(642.890.802)
Breyting á lántökukostnaði	(126.302)	(131.912)
Verðbætur	1.074.384.863	1.717.332.880
Vaxtaberandi skuldir 31. desember	<u>23.173.262.063</u>	<u>22.807.466.153</u>

Langtímaskuld að fjárhæð 23.173,3 milljónir króna eru skuldabréf í skuldabréfaflokki félagsins sem skráður er á Nasdaq Iceland, undir auðkenninu HARP 46 0217.

Samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins er lánið verðtryggt með vísitölu neysluverðs og föstum vöxtum, 3,55%. Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar.

Lánið greiðist með 394 jöfnum greiðslum (annuitet), sem felur í sér að afborgun nafnverðs fer vaxandi eftir því sem líður á lántímann. Fyrsti gjalddagi var í maí 2013 og síðasti gjalddagi verður þann 15. febrúar 2046.

Áætluð afborgun næsta árs eru um 748,2 milljónir króna, en áætluð heildargreiðsla lánsins á næsta ári með vöxtum og verðbótum er 1.558,6 milljónir króna.

Skuldabréfin eru tryggt með veði í framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, á fyrsta veðrétti í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu auk handveðsréttar í bankainnstæðum félagsins.

Íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%) hafa skuldbundið sig til að greiða fasta árlega fjárhæð, sem bundin er vísitölu neysluverðs og er greiðsla vegna kaupa á þeirri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Framlagið greiðist mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning Hríngs og verður ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki félagsins.

Þetta skilyrðislausu framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar leiðir til þess að greiðsla afborgana og vaxta af langtímaláninu er tryggð, og er því grundvöllur að rekstrarhæfi félagsins.

Engir skilmálar um fjárhagslegan styrk félagsins eru til staðar í lánasamningi og skuldbindandi skilmálar hans einungis almenns eðlis, s.s. bann við greiðslum til hluthafa, hlutafjárhækkun/lækkun, sameiningu, frekari veðsetningum auk framangreindrar ráðstöfunar framlags eigenda til greiðslu afborgana og vaxta. Félagið uppfyllir alla skilmála samningsins á árinu 2024 og ekkert sem bendir til að breyting verði þar á, á árinu 2025.

Skýringar

8. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélagið, systurfélög, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Þessi skilgreining er byggð á settum reikningsskilareglum. Eftirfarandi viðskipti voru við móðurfélagið Hörpu ohf. á árinu:

	2024	2023
Vaxta- og verðbótatekjur frá móðurfélagi (Harpa)	1.895.456.974	2.513.399.033
Rekstrarframlag frá móðurfélagi (Harpa)	7.300.000	7.200.000
Umsýsluþóknun til móðurfélags (Harpa)	718.084	676.783
Kröfur á tengda aðila:	31.12.2024	31.12.2023
<i>Langtímakröfur á tengda aðila:</i>		
Langtímakrafa á tengda aðila (Harpa)	22.425.033.145	22.118.163.135
Næsta árs afborganir langtímakröfu á tengda aðila (Harpa)	748.228.919	689.303.019
Langtímakrafa samtals	23.173.262.064	22.807.466.154
<i>Skammtímakröfur á tengda aðila:</i>		
Kröfur á tengda aðila, áfallnir vextir af langtímakröfu (Harpa)	31.990.257	31.485.081
Viðskiptakröfur (Harpa)	248.000	0
Skammtímakröfur á tengda aðila samtals	32.238.257	31.485.081
Kröfur á tengda aðila samtals	23.205.500.321	22.838.951.235
Hreyfingar á kröfum á tengda aðila á árinu		
Krafa á tengda aðila, staða í upphafi árs	22.838.951.235	21.763.887.693
Viðskiptakröfur	248.000	(729.951)
Greiddar afborganir	(708.462.651)	(642.890.802)
Reiknaðir vextir, 3,55% ásamt verðbótum	1.895.456.974	2.513.399.033
Greiddir vextir	(820.566.935)	(794.582.825)
Dreifing yfirverðs	(6.861.217)	(6.925.280)
Dreifing lántökukostnaðar	6.734.915	6.793.367
Kröfur á tengda aðila í árlök	23.205.500.321	22.838.951.235

Engar launagreiðslu eða greiðslur fyrir stjórnarsetu voru á árinu.

9. Skattamál

Reiknaður tekjuskattur félagsins er eftirfarandi:	2024	2023
Hagnaður fyrir skatta	401.688	336.279
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skatthlutfall	80.338	67.256
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(84.065)	(72.346)
Frestun gengismunar	(453)	1.050
Ófrádráttarbær gjöld	4.180	4.040
	0	0

Félagið hefur fengið heimild ríkisskattstjóra til samsköttunar með móðurfélagi sínu, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi ohf. Samstæðan á verulegt yfirfærnanlegt tap frá fyrri árum þannig að ekki kemur til greiðslu tekjuskatts hjá Greiðslumiðluninni Hring ehf.

Skattaleg niðurfærsla viðskiptakrafna og frestun gengismunar eru einu liðirnir hjá Greiðslumiðluninni Hring ehf. sem mynda tekjuskattseign eða tekjuskattsskuldbindingu og er ekki færð upp þar sem hún er óveruleg.